

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	29.03.2016
Málalykill	00.10.1
Mál nr.	1603345



Reykjavík, 22. mars 2016

Bergljót Sigurbjörnsdóttir
Félagsmálastjóri
Garðatorg 7
210 Garðabær

Varðar: Styrkumsókn.

Í Klúbbnum Geysi er boðið uppá endurhæfingu fyrir einstaklinga sem eiga eða hafa átt við geðraskanir að stríða. Meginmarkmið klúbbsins er að styðja klúbbfélaga til að verða virkir einstaklingar í þjóðfélaginu á ný eftir veikindi. Það er gert með virkri þátttöku þeirra í starfi Klúbbsins og aðstoð við að komast út á almennan vinnumarkað eða í nám, samhliða endurhæfingu í klúbbnum.

Klúbburinn Geysir hóf starfsemi sína haustið 1999 og varð fimmtán ára á síðasta ári. Í dag eru félagar 433 talsins og fer fjölgandi. Árið 2015 mættu að meðaltali 24 félagar á hverjum degi. Deildir klúbbsins eru tvær: Eldhús- og viðhaldsdeild og skrifstofu- atvinnu- og menntadeild. Að meðaltali nýta 77 félagar sér þjónustu Klúbbsins Geysis í hverjum mánuði.

Klúbburinn Geysir er eina endurhæfingaúrræði sinnar tegundar á Íslandi fyrir geðsjúka. Flestir sem sækja hann eru af höfuðborgarsvæðinu og frá bæjarfélögum í nágrenni Reykjavíkur.

Frá upphafi starfseminnar hefur fjöldi klúbbfélaga hafið störf á almennum vinnumarkaði eða farið í nám. Á árinu 2012 voru 44% félaga í vinnu og/eða námi. Klúbburinn hefur sett sér skýr markmið um að hækka þetta hlutfall jafnt og þétt. Árangurinn er að sjálfsögðu til góða fyrir félagana en ekki síður fyrir þjóðfélagið í heild.


Klúbburinn fer reglulega í gegnum ítarlegt sjálfsmat á starfinu og eru fengnir erlendir aðilar frá Clubhouse International til að taka starfið út. Klúbburinn fékk þriggja ára vottun á gæði starfseminnar árið 2013, sem gildir til 31. maí 2016.


Klúbburinn Geysir byggir á hugmyndafræði Fountain House, sem eru alþjóðasamtök með starfsemi í 33 þjóðlöndum, í um og yfir 322 klúbbhúsum, með hátt í 100.000 félögum. Klúbburinn starfar samkvæmt Stöðlum Clubhouse International.

Þau úrræði sem Klúbburinn Geysir býður upp á eru hagkvæm og leiða til umtalsverðs sparnaðar í heilbrigðis- og tryggingakerfinu sem og hjá félagsþjónustum sveitarfélaga. Í klúbbum fá félagar hvatningu, stuðning og mikilsverða vinnuþjálfun til að ná sér á strik eftir veikindi og endurheimta þá reisn sem fylgir því að geta séð fyrir sér sjálfur að miklu eða öllu leyti. Í mörgum tilvikum geta klúbbfélagar hætt að þiggja aðstoð frá ríki og/eða sveitarfélögum. Einnig öðlast einstaklingurinn aukin lífsgæði sem ekki er hægt að meta til fjár.

Til að styðja við starfsemi Klúbbsins Geysis á árinu 2016, sækjum við hér með um styrk frá Garðabæ að upphæð 200.000 kr.

Virðingarfyllt,


Þórunn Ósk Sölvadóttir
Framkvæmdarstjóri Klúbbsins Geysis


Ingibjörg Sigurðardóttir
Félagi

Meðfylgjandi:

1. Litli-Hver – fréttabréf Klúbbsins Geysis
2. Klúbburinn Geysir – Með þér út í lífið – upplýsingabæklingur um Klúbbinn Geysi
3. Staðlar Clubhouse International..